Reykjavík

Frístundaheimilið Hvergiland

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 6
Helstu dagsetningar 7
- Ágúst 7
- September 8
- Október 8
- Nóvember 8
- Desember 9
- Janúar 9
- Febrúar 9
- Mars 10
- Apríl 10
- Maí 10
- Júní 11
- Júlí 11

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Hvergilands auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Börn á frístundaheimilinu

- ✓ Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
- ✓ Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.

Starfshættir og viðfangsefni

- ✓ Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- ✓ Dagskipulag er endurmetið reglulega út frá þörfum barnanna. Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.

Bjargir og skipulag

- ✓ Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Starfshættir og viðfangsefni

- ✓ Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.

Mannauður og faglegt starf

- ✓ Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- ✓ Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Nýta náttúru og nærumhverfið	
Umbótaþáttur/matsþáttur	**Starfshættir og viðfangsefni** Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
Tækifæri til umbóta.	• Nýta nærumhverfi meira í skipulögðu starfi eins og klúbba og/eða hópastarfi • Nýta útiveru til hópeflis og samvinnu með skipulögðum leikjum • Nýta efnivið náttúrunnar og nærumhverfis til sköpunar
Aðgerðir til umbóta.	• Með markvissum gönguferðum með hópa þar sem ákveðin verkefni eru sett fyrir. Safnað saman efnivið fyrir efnisveitu. • Setja af stað útivistarklúbb • Vera með leik mánaðarins út frá frístundalæsi þar sem starfsmenn sjá um að fá börnin með sér.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	• Endurmetið í febrúar og aftur í maí. Notast verður við starfsmannafundi til að rýna í starfið og bæta það sem þarf. • Fundir og kannanir með börnum sem taka þátt í hópa og klúbbastarfi
Viðmið um árangur.	• Að fá raddir barnanna til að koma með hugmyndir að viðfangsefnum og að hafa áhrif á framkvæmdina. • Að þátttaka barnanna sé skráð og lögð sé stutt könnun fyrir þau í lok hvers klúbbs/hópastarfs, • Við endurmat fái starfsfólkið tækifæri til að fara yfir klúbbinn/hópastarfið til að meta árangur, ánægju og hvað megi gera betur.

Heiti aðgerðar: Mannauður og faglegt starf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
Tækifæri til umbóta.	• Skapa aðstæður til að starfsfólk fái viðeigandi fræðslur sem snúa að frístundastarfinu.
Aðgerðir til umbóta.	• Nýta Torgið betur sem fræðsluvettvang fyrir starfsfólk. • Setja niður fræðsludagatal þar sem settar eru niður fræðslur fyrir hvern mánuð sem teknar eru fyrir einu sinni í mánuði á starfsmannafundum út skólaárið. • Halda utan um fræðslur sem starfsfólk hefur lokið og muna að skrá alla sem taka þátt í fræðslu á Torginu þegar mörg horfa saman.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmetið í enda janúar/byrjun febrúar Tekið fyrir í starfsmannasamtölum og niðurstöður ræddar á starfsmannafundi.
Viðmið um árangur.	• Að starfsfólkið horfi á fræðslu og geti sagt frá hvernig það geti nýtt þær, komið með endurgjöf um gagnsemi fræðslunnar og hvernig ný þekking nýtist í daglegu starfi. Niðurstöður verða nýttar til að skipuleggja áframhaldandi fræðslu og starfsþróun.

Heiti aðgerðar: Áhugamál starfsfólks	
Umbótaþáttur/matsþáttur	**Mannauður og faglegt starf** Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi.
Tækifæri til umbóta.	• Kortleggja áhugasvið og styrkleika starfsmannahópsins

	• Fá starfsfólk til að vinna smiðju/klúbb út frá sínu áhugasviði og/eða styrkleika. • Nýta lengda viðveru til að framkvæma flóknari smiðjur
Aðgerðir til umbóta.	• Starfsfólk fær það verkefni að undirbúa og sjá um eina smiðju þar sem þau nýta sýna styrkleika og áhugasvið.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026-maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	• Starfsmaður fær viðbrögð og umsagnir gangvart sinni smiðju frá börnunum. • Könnun gerð með einkunnarblaði þar sem um 3 mismunandi broskalla er að ræða og dálkur þar sem hægt er að skirfa umbætur. • Í lok hverrar smiðju verði smiðjan ígrunduð, hvað gekk vel, hvað má betur fara o.þ.h.
Viðmið um árangur.	• Afrakstur verður sýnilegri og aukin ábyrð á almennt starsfólk. • Ábyrgð gangvart skipulögðu starfi (smiðjur) dreyfist jafnt meðal starfsfólks. • Starfsfólk styrkist og eflist í starfi • Starfsfólk fær tækifæri til að kynnast börnunum í nýjum aðstæðum. • Börnin fá að kynnast nýjum og ólíkum viðfangsefnum og starfsfólkinu.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Réttindafrístund

Í nóvember 2023 varð Hvergiland Réttindafrístund UNICEF ásamt Borgaskóla sem varð Réttindaskóli. Markmið Réttindaskóla og -frístundar er að leggja Barnasáttmálann til grundvallar í öllu starfi, stefnumótun og starfsháttum og byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir og virkir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru

grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna og starfsfólks.

Fimm langtímamarkmið Réttindaskóla og Réttindafrístundar UNICEF eru:

- Börn og fullorðin þekkja réttindi barna (42. grein Barnasáttmálans)
- Börn taka þátt og hafa áhrif (12. grein Barnasáttmálans)
- Börn njóta jafnra tækifæra (2. grein Barnasáttmálans)
- Börn upplifa að hagsmunir þeirra séu settir í forgang (3. grein Barnasáttmálans)
- Börn upplifa öryggi og að réttindi þeirra séu virt (4. grein Barnasáttmálans)

Reglulega eru haldnir barnafundir og barnaráðsfundir þar sem börnin fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar, koma með hugmyndir og hafa raunveruleg áhrif á skipulag og framkvæmd starfsins. Lögð er áhersla á að hlusta á raddir barnanna, virða sjónarmið þeirra og tryggja að þau upplifi að skoðanir þeirra skipti máli.

Sérstök áhersla er jafnframt lögð á metnaðarfullt og fjölbreytt starf fyrir börn í 4. bekk. Markmiðið er að mæta áhugasviði og þörfum elstu barnanna, efla þátttöku þeirra og viðhalda áhuga þeirra á frístundastarfinu. Börnin taka virkan þátt í skipulagi á dagskrá og fá aukið svigrúm til að koma með hugmyndir, taka ábyrgð og hafa áhrif á þau verkefni og viðfangsefni sem boðið er upp á.

Með þessum áherslum er unnið að markmiðum menntastefnunnar um valdeflingu, félagsfærni, sjálfseflingu og virkni barna. Lýðræðisleg vinnubrögð, jafnrétti, virðing og réttur barna til þátttöku eru höfð að leiðarljósi í öllu starfi frístundaheimilisins.

Einnig er Réttindaráð starfrækt í Borgaskóla sem fundar reglulega og fer fyrir verkefninu. Stjórnendur Hvergilands taka þátt í því. Ráðið gerir aðgerðaráætlun og vinnur að því að ná markmiðum sínum.

Tengjumst öll í gegnum leik

Frístundaheimilið Hvergiland tekur þátt í þróunarverkefninu „Tengjumst öll í gegnum leik“ ásamt Borgaskóla við leikskólana Hamra og Hulduheima.

Verkefnið felur í sér að styrkja tengsl á milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis.
Þegar leikskólabörnin koma í skipulagðar heimsóknir í skólann yfir skólaárið koma þau einnig í skipulagðar heimsóknir, fyrir hádegi í frístundaheimilið. Í þessum heimsóknum eru leikskólanemendur þátttakendur í frístundastarfinu, læra á umhverfið, reglurnar og valið og hafa kynnst bæði stjórnendum og rýminu áður en þeir hefja skólagöngu í 1. bekk. Heimsóknirnar eru að jafnaði 12 – 15 skipti yfir skólaárið, flestar á vorönn og fléttast inn í heimsóknir þeirra í skólann.

Helstu dagsetningar

Ágúst

- *21. ágúst* - skipulagsdagur
- *24. ágúst* – skólasetning
- *25. ágúst* – foreldrakaffi með 1. bekk
- Uppfæra upplýsingabækling til foreldra barna í 1. bekk og senda í tölvupósti
- Ráðning nýrra starfsmanna, starfsmenn og börn kynnast og samstilla starfið. Valkerfið sett af stað og teknar myndir af börnunum.
- Merkja snaga, töskuhillur og valtöflu

- Hafa dagskipulag starfsins sýnilegt fyrir börnin í rýmum áður en þau byrja í frístundaheimilinu
- Fara yfir rýmin og skipuleggja þau ef þarf
- Uppfæra merkingar (hurðir, skápa, borð, leikfangakassa og þess háttar) út frá Barnásáttmála, Frístundalæsi og Regnbogavottun
- Senda út dagskrá og matseðil

September

- *29. september* – Kynning á starfi Hvergilands fyrir foreldra barna í fyrsta bekk
- *30. september* – lengd viðvera
- Prenta út nöfn barna í 1. – 4. bekk fyrir barnaráð
- Barnaráð byrjar
- Barnaráðsfundur og barnaráðsdagur
- Afmælishátíð og afmælisfundur barna fædd í ágúst, september og október
- Gera afmælisdagatal fyrir börn og starfsfólk
- Skipuleggja starfsmannafundi vetrarins út frá umbótáætlun og fræðslum
- Klúbba og smiðjustarf frístundalæsis byrjar - Félagslæsi
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrár og matseðil mánaðarins.

Október

- *1. október* - lengd viðvera
- *16. október* – skertur dagur
- *21. október* – bleikur dagur
- *22. 23. og 26. október* – Vetrarfrí. Lokað í Hvergilandi
- *27. október* – Alþjóðlegi bangsadagurinn
- *30. október* - Hrekkjavaka (4 bekkur býr til draugahús fyrir öll börn í Hvergilandi)
- Grunnfræðsla fyrir nýja starfsmenn
- Fundur með börnum í 4 bekk þar sem þau koma með hugmynd að dagskrá mánaðarins
- Starfsmannasamtöl út frá umbótaáætlun
- Vináttufærniverkefni. Staðan tekin á vináttu barna í Hvergilandi og hún metin
- Byrja á barnasáttmálaverkefni mánaðarins – Hvergilandssáttmáli
- Útileikur mánaðarins – Dimmalimm
- Útiþema mánaðarins út frá umbótaætlun ásamt stuttri könnun fyrir börnin í lokin
- Barnaráðsfundur og barnaráðsdagur
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrár og matseðil mánaðarins.

Nóvember

- *9. nóvember* – Dagur gegn einelti
- *20. nóvember* - Afmæli barnasáttmálans
- *30. nóvember* – Lengd viðvera
- Barnasáttmálaverkefni mánaðarins – 1.- 2. bekkur réttindaföndur, .3 - 4. bekkur réttindabolir. Samþættum dag gegn einelti við barnasáttmálann. Stofnum baráttulið gegn einelti
- Barnaráðsfundur og barnaráðsdagur
- Frístundalæsi, klúbba og smiðjustarf – Lista og menningarlæsi

- Útileikur mánaðarins – Dýragarðurinn
- Útiþema mánaðarins út frá umbótaætlun ásamt stuttri könnun fyrir börnin í lokin
- Verkefnið "Tengjumst öll í gegnum leik " byrjar með þremur heimsóknum frá Hulduheimum og Hömrum í nóvember
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrár og matseðil mánaðarins.

Desember

- *18. desember* – skertur dagur
- *21. 22. 23. 28. 29. og 30. desember* – Lengd viðvera
- Hlé gert á barnaráði og klúbbastarfi
- Útileikur mánaðarins – Eitur í flösku
- Bjóða börnum upp á streitulaust umhverfi, jólakósý, jólaföndur
- Fara með pakka undir tréð í Kringlunni (4. bekkur)
- Ferðir á bókasafnið í Spöng með 1. bekk
- Ferðir með 2. – 4. bekk í jóladagskrá MÚÚ í Gufunesbæ
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrár og matseðil mánaðarins.

Janúar

- *4. janúar* – lengd viðvera
- *22. janúar* – Bóndadagur. Þorrablót
- Afmælis hátíð og afmælisfundur barna sem eru fædd í nóvember, desember og janúar.
- Grunnfræðsla fyrir nýja starfsmenn
- Barnaráð byrjar aftur - Barnaráðsfundur og barnaráðsdagur
- Barnasáttmálaverkefni mánaðarins – Fjölskyldan mín
- Klúbba og smiðjustarf út frá frístundalæsi byrjar aftur – Miðlalæsi
- Útiþema mánaðarins út frá umbótaætlun ásamt stuttri könnun fyrir börnin í lokin
- Útileikur mánaðarins – Eina króna
- Opnum fyrir skráningu lengdrar viðveru á vorönn 2027
- Þrjár leikskólaheimsóknir frá Hulduheimum og Hömrum í þessum mánuði
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrár og matseðil mánaðarins.

Febrúar

- *4. og 5. febrúar* – lengd viðvera
- *8. febrúar* – Bolludagur
- *10. febrúar* – Öskudagur/skertur dagur, 4 bekkur skipuleggur daginn
- *22. og 23. febrúar* – Vetrarleyfi. Lokað í Hvergilandi
- Foreldrum boðið á kaffihús Hvergilands í spil með börnunum sínum
- Starfsmannasamtöl – mat og ígrundun á umbótum
- Klúbba og smiðjustarf út frá frístundalæsi – Samfélagslæsi
- Útiþema mánaðarins út frá umbótaætlun ásamt stuttri könnun fyrir börnin í lokin
- Útileikur mánaðarins – Fram fram fylking
- Barnaráðsfundur og barnaráðsdagur

- Barnasáttmálaverkefni mánaðarins – Lita og þrautabók UNICEF og umræður út frá henni
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrár og matseðil mánaðarins.

Mars

- *22.-24. mars* – lengd viðvera um Páska
- Afmælis hátíð og afmælisfundur barna sem fædd eru í febrúar, mars og apríl.
- Tvær leikskólaheimsóknir frá Hulduheimum og Hömrum í þessum mánuði
- Klúbba og smiðjustarf út frá frístundalæsi – Vísindalæsi
- Útiþema mánaðarins út frá umbótaætlun ásamt stuttri könnun fyrir börnin í lokin
- Útileikur mánaðarins – Hlaupa í skarðið
- Barnaráðsfundur og barnaráðsdagur
- Undirbúningur fyrir Barnamenningarhátíð
- Endurmat vináttufærni í lok mánaðar
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrár og matseðil mánaðarins.

Apríl

- *16. apríl* – skertur dagur
- *22. apríl* – sumardagurinn fyrsti. Lokað í Hvergilandi
- *19. – 25. apríl* – Barnamenningarhátíð
- *27. apríl* – Menntastefnumót/starfsdagur. Lokað í Hvergilandi
- Tvær leikskólaheimsóknir frá Hulduheimum og Hömrum í þessum mánuði
- Klúbba og smiðjustarf út frá frístundalæsi – Náttúru og umhverfislæsi
- Útiþema mánaðarins út frá umbótaætlun ásamt stuttri könnun fyrir börnin í lokin
- Útileikur mánaðarins – Köttur og mús
- Barnaráðsfundur og barnaráðsdagur
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrár og matseðil mánaðarins.

Maí

- *6. maí* – Uppstigningardagur. Lokað í Hvergilandi
- *17. maí* – Annar í Hvítasunnu. Lokað í Hvergilandi
- Fjórar leikskólaheimsóknir frá Hulduheimum og Hömrum í þessum mánuði
- Afmælis hátíð og afmælisfundur barna sem fædd eru í maí, júní og júlí
- Klúbba og smiðjustarf út frá frístundalæsi – Heilsulæsi
- Skipulagðar ferðir í Gufunesbæ í verkefnið skýli og skjól hjá MÚÚ
- Útiþema mánaðarins út frá umbótaætlun ásamt stuttri könnun fyrir börnin í lokin
- Útileikur mánaðarins – Mennskur hnútur
- Barnaráðsfundur og barnaráðsdagur
- Útskriftarferð 4. bekkjar
- Starfsmannasamtöl – mat og ígrundun á umbótum
- Starfsmannafundur – mat og niðurstöður umbótaáætlun vetrarins
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrár og matseðil mánaðarins.

Júní

- *3. júní* - Vorhátíð Borgaskóla, Hvergilands og foreldrafélags Borgaskóla
- *4. júní* – Fjórði bekkur kveður Hvergiland með vatnsblöðrustríði milli barna og starfsmanna
- *8. og 9. júní* – skertir dagar
- *10. júní* – Skólaslit. Lokað í Hvergilandi
- *11. júní* – Undirbúningsdagur fyrir sumarstarf. Lokað í Hvergilandi
- *14. júní* - Sumarstarf hefst

Júlí

- Sumarstarf og sumarfrí